


AFSTÖÐUMYND 1:500

***VERKLÝSING FYRIR STEINHELLU 5***

***BYGGINGARLÝSING***

*Fyrirhuguð bygging er ætluð fyrir atvinnustarfsemi. Húsinu er skipt í 14 sjáfstæða eignarhluta sem hver um sig eru um 150 m² að stærð.Eftir endilöngu húsinu á jarðhæð milli sjálfstæðra eignarhluta er gert ráð fyrir gangrými sem þjónar sem flóttaleið, til að uppfylla kröfuna um tvíþætta flóttaleið úr hverjum eigarhluta fyrir sig. Gert er ráð fyrir millilofti í hverjum eignarhluta. Á lóð er gert ráð fyrir 48 bílastæðum og sorpgerðum fyrir 6 660 lítra gámum.Húsið er byggt upp sem stágrinadarhús á steyptum sökklum og klætt með PIR samlokueiningum jafnt í þaki semog útveggjum. Starfsemin er ætluð fyrir*
*Lítil iðnaðarfyrirtæki og geymslurými. Húsið er frá viðurkenndu fyrirtæki og mun verða vottað.*

*Sökklar (200 mm.) og botnplata 130 mm.) eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu.*
*Burðarvirkið er úr stáli. Útveggjaeiningar eru úr PIR samlokueiningum (60 mm) með lóðréttri klæðningu. Þakið er er með PIR einingum (80mm.) Í hverjum eignarhluta er gert ráð fyrir auðbrennanlegu plastefni í þaki , sem þjónar sem reyklosun.*
*Sökklar eru einangraðir með 75 mm. plasteinangrun. Botnplatan er einangruð með 75mm plasteinangrun einungis 100sm frá útvegg. Gler í gluggum er tvöfalt K-gler Byggingin gengur út frá því að hitastig er 18°C>Ti>=10°C.*

*Varðandi óráðstafað iðnaðarhúsnæði , þá verður sótt um sérstaklega um nýtingu hvers rýmis. Fráveitukerfi verður aðgreint og mengunarútbúnaður verður settur í samráði við heilbrigðisnefnd.*

***Brunavarnir:***
*Brunasamstæður*
*Húsið er allt ein brunasamstæða, samtals u.þ.b. 1970 m2 en skiptist upp í a.m.k. fimmtán brunahólf.*
*Brunahólf*
*Hvert iðnaðarbil auk millilofts er sér brunahólf með a.m.k. EI60 veggjum og EI-CS60 hurðum inn á flóttagang, stærst u.þ.b. 140 m2.*
*Flóttagangur er sér brunahólf.*
*Burðarvirki*
*Stálburðarvirki hússins verður almennt ekki eldvarið sérstaklega.*
*Burðarvirki milligólfs skal eldvarið þannig að það verði a.m.k. R30.*
*Klæðningar*
*Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.*
*Þak og útveggir eru úr PIR einingum (Ward) sem uppfyllir ekki að vera klæðning í flokki 1.*
*Flóttaleiðir*
*Frá hverju iðnaðarbili eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir. Þar af er önnur leiðin inn á flóttagang sem er sér brunahólf og leiðir beint út.*
*Brunaviðvörunarkerfi*
*Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar og ÍST EN 54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður við inngang í flóttagang.*
*Reyklosun*
*Reyklosun frá hverju iðnaðarbili verður um auðbrennanlegt plast í þaki sem er a.m.k. 5 m2 eða u.þ.b. 3,6% af gólfflatarmáli.*
*Slöngukefli og slökkvitæki*
*Slöngukefli og slökkvitæki verða sett upp í hverju iðnaðarbili. Slöngukefli verður innst í hverju bili. Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngu en einnig í starfsannaaðstöðu á millilofti. Slökkvibúnaður skal merktur með viðurkenndum hætti.*
*Út- og neyðarlýsing*
*Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð og ÍST EN 1838.*
*Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í hverju iðnaðarbili en 1 lux í flóttagangi. Sett skulu upp út-ljós við alla útganga.*
*Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa*
*Þjónustusamningur skal gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkur slökkvibúnaður og út- og neyðarlýsing).*
*Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu VSI, nr. 00-197-bh01.*

***KÓLNUNARTÖLUR***

| | | |
|---|---|---|
| *U gildi þaks* | *0,20 W/m²* | *K* |
| *U gildi útveggja* | *0,40 W/m²* | *K* |
| *U gildi útveggja vegið meðaltal* | *engin krafa* | |
| *U gildi glugga* | *3.0 W/m²* | *K* |
| *U gildi hurða* | *engin krafa* | |

***STÆRÐARMÁL***

| | |
|---|---|
| *Flatarmál húss* | *2.034.5 m²* |
| *Lóðarstærð* | *4.519.6 m²* |
| *Nýtingarhlutfall* | *0,45* |
| *Bílastæðabókhald* | *2.034.5/ 50 = 40.69 stæði* |
| *Bílastæði eru* | *48 stæði* |

N

**TÁKN**

GN = Niðurfall
LR = Loftræsting
PK = Póstkassar
NL = Neyðarljós
VLR = Vélknúin loftræsting
R = Reykskynjari
ÚT = Merktur útgangur
= Bílastæði fyrir fatlaðra

BO = Björgunarop
= Fellistigi við björgunarop

20 m. = Brunnaslanga

ELDVARNAMERKINGAR

REI 60 = Berandi A60 eða B60 veggur
EI 60 = A60 eða B60 veggur
R60 = Burður í 60 mínutur, t.d. súla eða biti.
EI30 = B30 hurð eða veggur
EI30 CS = B30 S ( reykþétt og sjálflokandi)
EI60 CS = A60 eða B60 hurð
E 30 = F30 gler
ECS 30
A = er óbrennanlegt efni
B = er brennanlegt efni (t.d. timbur)

**BREYTING**

A:

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins

**TEIKNAÐ**

JAT.YAI.MÓG

**MKV.**

1:500

**DAGSETNING**

12.01.2005

**BLAÐ**

1 AF 7

# STEINHELLA 5

HAFNARFJARÐUR

AFSTÖÐUMYND

KRISTINN RAGNARSSON arkitekt EHF.
KRISTINN RAGNARSSON - Kt. 120944.2669 - t11kristinn@simnet.is
TEIKNISTOFAN SMIÐJUVEGI 11 - 200 KÓPAVOGI - ÍSLAND - S. 564.2255 - FAX 544.4225